



Stjórn Félags skógarbænda á Vesturlandi (Fsv) þakkar tækifærið að veita umsögn um Landsáætlun í skógrækt 2021-2025. Stjórn Fsv tekur undir með skýrsluhöfundum í metnaðarfullri landsáætlun með markmiðum og leiðum að skógrækt til heilla fyrir land og þjóð. Stjórn Fsv þakkar nefndinni fyrir skýra og góða vinnu.

*Stjórn Fsv vill í umsögn sinni áréttta nokkur atriði sem eru skógarbændum mikilvægir.*

### **Sjálfbærni**

Skógarauðlind okkar Íslendinga mun skila efnahagslegum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi. Landsáætlunin leggur út frá heimsmarkmiðum um sjálfbærni, þar er skógrækt góð leið og tekur stjórn Fsv undir skýringar LSE þar um í umsögn sinni. Stjórn Fsv telur fyllilega raunhæft að Íslendingar setji sér þá stefnu að verða sér sjálfbærir um timbur og aðrar viðarafurðir. Aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum 2018-2030 stefnir að kolefnishlutleysi. Skógrækt er best þekkt leiðin til bindingar kolefnis auk þess stuðlar skipulögð skógrækt og úrvinnsla skógarafurða að minni losun.

### **Sérálit**

Stjórn Fsv hvarf að í sérálitum um skýrsluna séu möguleg neikvæð áhrif nytjaskógræktar tíunduð án þess að geta jákvæðra efnahags- umhverfis- og félagslegra áhrifa skógræktar. Skógrækt er best þekkt mótþægisaðgerð við loftlagsváni sem nú er í brennidepli. Það er miður að höfundar sérálitans komi ekki auga á það auk þess sem landáætlunin er endurskoðuð á 5 ára fresti.

### **Atvinnusköpun og efling byggðar**

Skógrækt er mikilvæg búgrein og því fullgild atvinnugrein sem hefur jákvæð áhrif á atvinnuþróun og byggð. Markmið skógarbænda er að skila betra landi til komandi kynslóða auk þess að skapa auðlind og afurðir í dreifðum byggðum landsins.

Búskaparhættir breytast og búgreinar dragast saman þ.a.l. hefur ónotað landrymi aukist. Bændur skapa sér nýja atvinnu s.s. skógrækt og verktakavinnu við girðingar, jarðvinnslu og gróðursetningu fyrir skógarbændur. Á Vesturlandi er það staðreynd að með skógrækt hafa ljósin kveiknað aftur á eyðibýlum. Fólk hefur byggt upp myndarbyli og stundað ábyrga skógrækt. Uppbyggingin skapar mörg afleidd störf sem eykur tekjur sveitarfélaga. Þar má nefna tekjuskatt og fasteignagjöld, verkkaup af iðnaðarmönnum og skógverktökum, ferðaþjónustu, verslun og ýmsa aðra þjónustu. Auk þess að styrkja samfélög og skapa fjölbreyttara mannlíf.

Úrvinnsla í landbúnaði er mikilvæg hverju héraði til atvinnu- og verðmætasköpunar. Heimsmarkaðsverð á timbri fer hækkandi, möguleikar á úrvinnslustöðum aukast sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda sem yrði enn meiri ef úrvinnslustöðvar væru í sem flestum héruðum.

Ræktun jólatrjá ætti að vera forgangsmál hvað varðar sjálfbærni, sjúkdómavarnir og losun. Skógrækt sem stýrir snjósofnun utan vega getur sparað snjómokstur og dregið úr losun. Margir skógarbændur vilja opna skóga sína fyrir almenningi. Það er tækifæri til atvinnu með útivist, afþreyingu og menntun, þjóðinni til eflingar lýðheilsu og skógarmenningar.

Áhugi vex á skógrækt. Íslendingar eru framkvæmdaglaðir og duglegir að byggja. Náttúrulegt byggingarefni úr íslenskum skógum stuðlar að sjálfbærni. Skógrækt er einn sá öflugasti kostur til að treysta byggð og viðhalda búskap á jörðum og þar með atvinnu í dreifðum byggðum.



### **Flokkun og nýting landbúnaðarlands**

Sveitir Vesturlands eru ríkar af góðu ræktarlandi sem hentar vel til skógræktar. Fram kemur í aðalskipulagi sumra sveitarfélaganna að flokkun landbúnaðarlands verði nýtt til að marka stefnu um nýtingu þess og eftir atvikum vernd s.s. með tilliti til skógræktar. Stjórn FSV vill vekja athygli á þessari stefnu sumra sveitarfélaga. Vernd landbúnaðarlands þýðir ekki að vernda þurfi það fyrir ræktun. Skógrækt er ræktun sem fellur undir landbúnað. Landbúnaðarland gæti þurft að vernda fyrir öðrum framkvæmdum s.s. vegum, byggingum og iðnaðarsvæðum. Það blundar því miður enn sá misskilningur meðal sumra sveitarstjórnarmanna að skógrækt sé óafturkræf aðgerð sem beri að flokka með vegum og byggingum. Auk þess að leyfa ekki skógrækt á góðu ræktarland, geyma þurfi það fyrir hugsanlega matvælaframleiðslu síðar. Það er komið nóg af þeirri hugsun að helst eigi aðeins að rækta skóg í rýru landi sem skógarbændur gera vissulega líka. Skógrækt er eina búgreinin sem skilgreind er með takmörkunum í skipulagi sveitarfélaga. Skógrækt á góðu landi takmarkar ekki aðra ræktun eða kemur niður á náttúruvernd eða verndun mikilvægra náttúrusvæða og fornminja. Stjórn FSV áréttar að sanngirni sé gætt og skógrækt hafi sama rétt til notkunar á landbúnaðarlandi og aðrar búgreinar.

Bændur eiga að hafa fullan sjálfsákvörðunarrétt um að nýta frjósamt land sitt til ræktunar hraðvaxta tegunda til viðarframleiðslu, kolefnisbindingar eða til ræktunar jólatrjáa kjósi þeir það. Kolefnisbinding er vel skilgreind með markmiðssetningu í landsáætluninni. Stjórn FSV vill sérstaklega þakka fyrir framsettar sviðsmyndir um gróðursetningu í meginmarkmiði 2 um loftslagsbreytingar. Þær upplýsingar eru mikilvægar fyrir skógarbændur við gerð skógræktaráætlana.

### **Framkvæmdaleyfi til skógræktar**

Flækjustígs skipulagsmála í sumum sveitarfélögum hafa tafið afgreiðslu framkvæmdaleyfa í skógrækt og sett henni strangari reglu en öðrum búgreinum. Tafir eru tap í vexti trjána og í tekjum fyrir bændur og sveitarfélög. Það er hagsmunamál fyrir skógarbændur að skipulagsreglur standi ekki í vegi fyrir því að hægt sé að stunda öflugan skógrækt jafnt á við aðrar búgreinar. Oftúlkuð ákvæði hafa verið flókin, tímafrek, kostnaðarsöm og íþyngjandi, má þar nefna fornleifaskráningar, verndarákvæði og grenndarkynningar. Stjórn FSV fagnar greinagerð um framkvæmdaleyfi í viðauka 4 í landsáætluninni. Ef skipulagsvald sveitarfélaga nýtti sér þessa greinagerð ættu framkvæmdaleyfi að ganga hratt fyrir sig.

*Bestu kveðjur og þakkir fyrir tækifærið að veita umsögn*

*Fyrir hönd stjórnar Félags skógarbænda á Vesturlandi  
Bergþóra Jónsdóttir formaður*

*Sent á umsagnarvef Skógræktarinnar 18. Júní 2021*